

Skilmálar Kardio korta Kviku banka

1. Aðilar skilmála

- 1.1. Skilmálar þessir gilda um viðskiptasamband á milli notenda og Kviku banka hf. (hér eftir „**Kvika**“ eða „**útgefandi**“) sem gefur út VISA kreditkort (hér eftir „**kort**“) til notenda, eftir atvikum reikningshafa eða korthafa eins og nánar er skilgreint í skilmálum þessum.
- 1.2. Útgefandi er sérhæfður fjárfestingarbanki. Kvika banki –Katrínartún 2– 105 Reykjavík – Sími 540 3200 – Kt. 540502-2930,: - thjonusta@kvika.is. Afgreiðsla er opin virka daga á auglýstum afgreiðslutíma. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi útgefanda, en félagið er viðskiptabanki skv. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- 1.3. Um samningssamband notanda og Kviku gilda, auk þessara skilmála, almennir skilmálar vegna viðskipta við Kviku banka hf. („almennir skilmálar Kviku“), sem aðgengilegir eru á vefsvæði Kviku, www.kvika.is. Skilmálar þessir skulu ganga framur almennum skilmálum Kviku ef í milli ber.
- 1.4. Korthafaskilmálar eru gefnir út á íslensku.

2. Skilgreiningar

- 2.1. **Korthafi** er lögaðili sem stofnað hefur kortareikning hjá útgefanda og er ábyrgur fyrir úttektum sem færast á reikninginn, nema annað sé tekið fram. Korthafi er jafnframt reikningshafi.
- 2.2. **Handhafi kreditkorts** er sá sem kort er gefið út á, þ.e. handhafi VISA kreditkorts. Handhafi kreditkorts er einstaklingur sem reikningshafi heimilar að sé með kort á reikning sinn. Handhafi kreditkorts er einnig sá einstaklingur sem hefur viðskipta-/innkaupakort. Handhafi kreditkorts kemur fram í umboði korthafa og eiga skyldur skilmála þessara til korthafa við um notkun handhafa kreditkorts á kortum útgefnum af útgefanda.
- 2.3. **Kort** er útgefið kreditkortanúmer en forsenda útgáfu þess er að reikningshafi hafi stofnað kortareikning hjá útgefanda. Kort getur verið kortanúmerið sjálf, örgjörvi í plastkorti sem jafnframt er með segulrönd og áþrykktu/prentuðu kortanúmeri eða örgjörvi í símakorti farsíma og er einvörðungu tengt við einn kortareikning. Kort geta verið ýmist hefðbundin kreditkort, veltukort eða fyrirframgreidd kort.
- 2.4. **Kortareikningur** er sá reikningur sem úttektir á kort færast á og sem korthafi framkvæmir með framvísun korts eða númers þess eða með öðrum þeim hætti sem samrýmist skilmálum þessum.

3. Umsókn og útgáfa korts

- 3.1. Umsækjandi VISA kreditkorts skal fylla út umsókn hjá útgefanda.
- 3.2. Útgefandi áskilur sér rétt til að leita allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru að mati hans til að afgreiða umsókn, þar á meðal yfirlit um fjárhagsstöðu korthafa í bönkum og sparisjóðum og upplýsingar frá Creditinfo Lánstrausti hf., þ.m.t. upplýsingar um fjárhagsmálefni umsækjanda, og er útgefanda heimilt að hafna umsókn án þess að tilgreina ástæðu. Áskilinn er réttur til þess að kanna sömu upplýsingar á atviksbundnum grundvelli, t.d. ef korthafi óskar eftir hækkun heimildar, greiðslufall verður hjá korthafa eða önnur þau atvik eru fyrir hendi sem gefa tilefni til slíkrar könnunar.
- 3.3. Áður en kort er gefið út, eða hvenær sem útgefandi fer fram á slíkt, skal umsækjandi eða korthafi leggja fram fullnægjandi tryggingu, að mati útgefanda, fyrir skilvísunum greiðslum úttekta með korti.

- 3.4. Notkun kortsins í greiðslu appi skal ávallt framkvæmd þannig að viðkomandi greiðsluapp er opnað og notað eftir þeim leiðum sem Kvika, og/eða samstarfsaðili Kviku, tilgreinir og sannvotta/auðkenna sig með öruggum hætti í samræmi við kröfur Kviku. Handhafa kreditkorts ber að gæta sérstakrar varúðar gagnvart fölskum skilaboðum, t.d. SMS-skilaboðum eða tölvupósti með hlekk yfir á meinta innskráningarsíðu, sem handhafi kreditkorts kann að fá send frá þriðja aðila, t.d. í þeim tilgangi að fá uppgöfin persónubundin öryggisskilríki og/eða svíkja út fé frá korthafa. Kvika sendir notendum ekki skilaboð með hlekk til innskráningar í app. Kvika kann þó að senda notanda skilaboð með hlekk í kjölfar þess að notandi hafi óskað eftir tilgreindri þjónustu frá Kviku. Skilaboð frá Kviku vísa þá til þeirrar þjónustu sem óskað hefur verið eftir. Fáir notandi skilaboð með hlekk, án þess að hafa óskað eftir tilgreindri þjónustu frá Kviku, eru skilaboðin fölsk skilaboð og skal notandi þá ekki smella á hlekkinn, svara skilaboðunum eða auðkenna sig eftir þeim. Notandi skal kynna sér leiðbeiningar og tilmæli Kviku um öryggisráðstafanir og fylgja þeim í hvívetna. Varðveiti notandi ekki persónubundin öryggisskilríki sín, eða aðrar sambærilegar upplýsingar, með öruggum hætti eða í samræmi við framangreint telst það vera stórfellt gáleysi.
- 3.5. Kortið er gefið út til ákveðins tíma í senn og stofnast þá kortareikningur. Standi korthafi við skuldbindingar sínar er kort hans endurnýjað, án umsóknar, en gegn árgjaldi. Árgjald er fært fyrirfram á kortareikning, skv. gjaldskrá, fyrir 12 mánuði í senn.
- 3.6. Korthafa er óheimilt að nota kortið eftir að gildistími þess rennur út. Misnotkun korts getur varðað við lög, sbr. m.a. 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 3.7. Vilji korthafi afturkalla umsókn sína skal hann tilkynna það til útgefanda með símtali eða tölvupósti.

4. Afhending korts og samþykki skilmála

- 4.1. Með fyrstu notkun kortsins samþykkir korthafi að hlíta gildandi viðskiptaskilmálum, eins og þeir eru á hverjum tíma. Gildandi viðskiptaskilmálar útgefanda eru aðgengilegir á vefsíðu Kviku banka, www.kvika.is. Umsækjanda ber í hvívetna að fylgja skilmálum útgefanda. Áður en umsækjandi notar kortið ber honum að kynna sér skilmálana vandlega.
- 4.2. Með notkun endurnýjaðs korts samþykkir korthafi þá kortaskilmála sem þá eru í gildi. Ber honum að kynna sér skilmálana vandlega.
- 4.3. Hvenær sem er, meðan á samningssambandi stendur, getur korthafi óskað eftir að fá afhenta þessa skilmála á pappír eða öðrum varanlegum miðli endurgjaldslaust.

5. Varðveisla og notkun korts

- 5.1. Korthafi hefur einn heimild til að nota kort sitt.
- 5.2. Kortið veitir rétt til úttektar á vöru og þjónustu hjá þeim sölu- og þjónustuaðilum sem taka við kortum. Við úttekt á vöru og þjónustu skal korthafi skrá sjálfur sérstakt leynilegt og persónulegt innsláttarnúmer sitt, PIN-númer, fari sölu- eða þjónustuaðili fram á slíkt eða rita nafn sitt með eigin hendi á sölunótu/samning. Með áritun á sölunótu eða innslætti á PIN-númeri eða annarri gildri sannvottun/auðkenningu á hverjum tíma samþykkir korthafi þau viðskipti sem tilgreind eru á sölunótunni. Í netviðskiptum og við símgreiðslu skal korthafi gefa upp nafn, kortnúmer, gildistíma og öryggisnúmer og jafngildir slík upplýsingagjöf samþykki korthafa fyrir viðskiptunum. Korthafi getur tekið út reiðufé með kortinu í þeim bönkum, sparisjóðum og hraðbönkum sem bjóða korthöfum VISA slíka þjónustu.

- 5.3. Sé kortið notað í hraðbönkum eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum kemur PIN-númer eða önnur gild sannvottun/auðkenning á hverjum tíma í stað undirskriftar korthafa á sölunótu.
- 5.4. Hægt er að tengja kortið við rafrænt veski (e. Wallet) til þess að virkja snertilausar greiðslur með farsíma eða öðru snjalltæki. Korthafi getur jafnframt óskað eftir að fá afhent kort.
- 5.5. Greiðsla með korti í kortaappi eða rafrænu veski jafngildir áritun á sölunótu.
- 5.6. Korthafi er ábyrgur fyrir varðveislu kortsins þannig að óviðkomandi aðili geti ekki komist yfir það, enda ber handhöfum kreditkorta að gæta þess á sama örugga hátt og peninga, tékka og annarra verðmæta. Kort og PIN-númer má ekki geyma saman.
- 5.7. Korthafa er hvorki heimilt að láta PIN-númer sitt öðrum í té né geyma það með kortinu. Korthafi skal ekki geyma PIN-númer í veski sínu eða farsíma eða öðrum rafrænum búnaði eða hverjum öðrum þeim hætti sem er aðgengilegt öðrum. Hið sama á við um hverskonar aðra öryggisþætti eða auðkenningarleiðir. Varðveiti korthafi PIN- númer eða aðra sannvottun/auðkenningu (öryggisþættir) ekki í samræmi við þennan máta telst það stórfellt gáleysi. Korthafa ber ávallt að ganga úr skugga um að enginn sjái þegar hann slær inn PIN- númer sitt.
- 5.8. Hvert kort hefur hámarksúttektarheimild óháða úttektartímabili. Heimildin er ákveðin af útgefanda og skuldbindur korthafi sig til að nota kortið ekki umfram tilgreinda hámarksheimild. Inneign á fyrirframgreiddu korti jafngildir úttektarheimild þess á hverjum tíma. Hámarksfjárhæð heimilaðrar peningaúttektar kemur fram á heimasíðu útgefanda og ákvarðast m.a. af tegund korts og úttektarmörkum korthafa.
- 5.9. Korthafi getur stofnað til greiðsluþjónustusamninga með korti sínu um sjálfvirkar greiðslur, s.s. boð-, rað- og léttgreiðslur og afborgunarlán, skv. þeim reglum sem útgefandi setur. Útgefanda er heimilt að synja korthafa um lán.
- 5.10. Úttektir korthafa í erlendri mynt eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því kortagengi sem í gildi er í greiðsluskiptum milli landa þegar færslan kemur sem úttekt inn í kortakerfi útgefanda. VISA gengi er birt á heimasíðu útgefanda. Viðmiðunargengi er gengi VISA EUROPE sem nálgast má á slóðinni http://www.visaeurope.com/en/cardholders/exchange_rates.aspx.
- 5.11. Gengi til útreiknings á erlendum færslum greiðslukorta og færslum í annarri mynt en grunnmynt greiðslukorts tekur breytingum sem byggjast á breytingum á gengisskráningu hjá viðkomandi kortafyrirtæki auk álags eða eftir atvikum affalla. Breytingar á gengi sem byggjast á breytingum á viðmiðunargengi samkvæmt skilmálum þessum taka gildi þegar í stað og án viðvörunar. Viðskiptavinur nýtur gengishagnaðar eða tekur á sig gengistap vegna þróunar gengis viðkomandi gjaldmiðla. Um reikninga og greiðslur í erlendum gjaldmiðli gilda lög um gjaldeyrismál og reglur settar samkvæmt þeim lögum. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að öll gögn og allar upplýsingar, á hvaða formi sem er, sem hann veitir bankanum í tengslum við gjaldeyrisviðskipti eða fjármagnshreyfingar á milli landa séu rétt og ófölsuð og ber hann ábyrgð á áreiðanleika þeirra.
- 5.12. Skiladagur erlendar færslu frá söluaðila til færsluhirðis ákvarðar á hvaða kortatímabil úttekt færist. Hins vegar miðast innlendar færslur við færsludag.
- 5.13. Athygli er vakin á því að notkun korts í gjaldeyrisviðskiptum fellur undir upplýsingaskyldu samkvæmt lögum nr. 70/2021 um gjaldeyrismál og reglugerð eða reglum sem settar eru á grundvelli þeirra laga.

6. Hámarksúttekt og kortatímabil

- 6.1. Viðskipti með korti eru bundin við ákveðnar hámarks fjárhæðir mismunandi eftir sölu- og þjónustuaðilum. Þeim aðilum er heimilt að sækja um hækkun heimildar vegna tiltekinnar viðskipta. Innstæða á fyrirframgreiddu korti er úttektarheimild á hverjum tíma.
- 6.2. Útgefanda er heimilt að synja um heimild fyrir úttekt á korti og er honum aldrei skylt að verða við beiðni um hækkun úttektarheimildar. Algengustu ástæður þess að útgefandi synjar úttektarbeiðni eru eftirfarandi: Kort hefur verið tilkynnt glatað eða stolið, korthafi fer yfir hámarksúttektarheimild kortsins, skuld korthafa við útgefanda er gjaldfallin, rangt PIN- númer hefur verið slegið inn eða gildistími kortsins er útrunninn. Sé fyrir hendi rökstuddur grunur um óheimila eða sviksamlega notkun kortsins er heimilt að synja um úttektarheimild. Í því tilviki er korthafa gert viðvart í framhaldinu án tafar. Reynist sá grunur ekki á rökum reistur er opnað fyrir heimildagjöf þegar í stað.
- 6.3. Reikningshafi ábyrgist að ekki verði tekið út á einstök kort útgefnum af Kviku banka umfram útgefnað heimildir og að heildarúttektir á kortareikningi hans verði ekki umfram það sem samið hefur verið um. Hámarksfjárhæð heimilar peningaúttektar ákvarðast m.a. af tegund korts og úttektarheimildum korthafa.
- 6.4. Almenn kortatímabil, sem reikningsyfirlit korthafa miðast við, er mánuður og er frá 27. hvers mánaðar til 26. hvers mánaðar.

7. Hlunnindi og þjónusta

- 7.1. Útgefandi hefur heimild til að breyta, auka eða fella niður hlunnindi og/eða fríðindi samkvæmt þessari grein, enda verði korthöfum kynntar slíkar breytingar á sama hátt og breytingar á skilmálum þessum, líkt og nánar greinir í skilmálum þessum.
- 7.2. Upplýsingar um þau hlunnindi er tengjast mismunandi tegundum korta má finna í og á heimasíðu útgefanda, www.kvika.is.

8. Greiðsluskil

- 8.1. Útgefandi færir á kortareikning korthafa allar úttektir sem berast á kort hans og er korthafi ábyrgur fyrir greiðslu á þeim úttektum.
- 8.2. Útgefandi sendir korthafa mánaðarlega reikningsyfirlit yfir úttektir tímabils, sem gjaldfalla á næsta eindaga. Reikningsyfirlit birtast rafrænt og eru aðgengileg í netbanka. Viðskiptavinur getur óskað eftir því að fá reikningsyfirlit send til sín í bréfpósti. Korthafa ber að greiða viðkomandi útgefanda úttektir tímabils, sem gjaldfalla á næsta eindaga að fullu í síðasta lagi 2. dag hvers mánaðar en sé sá dagur almennur lokunardagur banka og sparisjóða færist eindaginn til næsta afgreiðsludags. Hafi greiðsla ekki borist innan þess tíma skulu greiðast dráttarvextir frá gjalddaga til greiðsludags, eins og þeir eru auglýstir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.
- 8.3. Hafi korthafi veitt útgefanda heimild til skuldfærslu kortreiknings af innlánsreikningi sínum verður hún gerð á eindaga.
- 8.4. Verði um ítrekuð vanskil að ræða hjá korthafa áskilur útgefandi sér fullan rétt til að loka kortinu og hefja innheimtu skuldarinnar á kostnað korthafa skv. verðskrá útgefanda.

9. Villur og ábyrgð

- 9.1. Hafi korthafi athugasemdir við reikningsyfirlit sitt ber honum að gera skriflega og undirritaða athugasemd hjá útgefanda innan 10 daga frá eindaga greiðslu. Eftir 30 daga frá skiladegi færslu samkvæmt greiðsluyfirliti er útgefanda ekki skylt að taka athugasemd til meðferðar.

- 9.2. Telji korthafi að kort hans hafi verið notað með sviksamlegum hætti ber honum að tilkynna það án tafar til útgefanda. Í öllum tilvikum þegar grunur um sviksamlega kortanotkun er fyrir hendi ber útgefanda að loka korti og korthafa að afhenda kortið til útgefanda. Korthafi ber ekki tjón vegna úttekta sem hann á ekki sannarlega aðild að. Korthafa ber skylda til að aðstoða útgefanda við vinnslu málsins og lágmarka tjónið eins og kostur er.
- 9.3. Þrátt fyrir greinar 9.1 og 9.2 hefur korthafi að hámarki 13 mánuði til að gera athugasemdir við reikningsyfirlit. Hinn lengdi tímafrestur gildir þó aðeins ef korthafi getur sannað að útgefandi hafi ekki uppfyllt skilyrði skilmála þessara um birtingu reikningsyfirlits eða að ómögulegt hafi verið að hafa uppi athugasemdir innan áðurnefndra tímamarka.
- 9.4. Ef söluaðili er ófús eða ófær um að inna af hendi þá þjónustu sem korthafi hefur greitt fyrir, atburði aflýst eða söluaðili hættur rekstri, getur korthafi sent skriflega kvörtun til útgefanda. Korthafi getur sent skriflega athugasemd til útgefanda í allt að 30 daga frá þeirri dagsetningu sem þjónustuna átti að inna af hendi, sé hún sannanleg. Kvörtuninni skulu fylgja fullnægjandi gögn til staðfestingar kaupum. Hafi þjónustan sannanlega ekki verið innt af hendi vegna framangreindra ástæðna, endurgreiðir útgefandi fjárhæð sem svarar vanefndunum. Komi óviðráðanlegar ytri aðstæður upp (force majeure), sem varða ekki viðkomandi söluaðila eingöngu, svo sem náttúruhamfarir, sprengjuárás/sprengjuhótun, stríð, verkföll, faraldur, viðskiptabann, sjóttjón og óeirðir, í veg fyrir að söluaðili geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart korthafa, veitir slíkur ómöguleiki korthafa ekki rétt til endurgreiðslu samkvæmt framangreindu.
- 9.5. Sérhver ágreiningur út af gæðum vöru eða þjónustu skal leystur beint á milli korthafa og seljanda og ber útgefandi enga ábyrgð á gæðum keyptrar vöru eða þjónustu.
- 9.6. Útgefandi ber ekki ábyrgð á tjóni korthafa og ábyrgist ekki skaðleysi hans geti hann ekki notað kort vegna galla í kortinu, þ.m.t. en ekki takmarkað við galla í örgjörva kortsins. Telji korthafi kort gallað skal hann skila kortinu til útgefanda. Reynist kortið gallað á korthafi rétt á nýju korti sér að kostnaðarlausu.
- 9.7. Útgefandi ber ekki ábyrgð á tjóni korthafa vegna tæknilegrar bilunar í hraðbanka eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum, né heldur á tjóni korthafa sem hlýst af því að sjálfsafgreiðslutæki hefur ekki samband við heimildarkerfi útgefanda. Telji korthafi að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni skal hann senda útgefanda skriflega kvörtun. Útgefandi framsendir kvörtun korthafa til þess færsluhirðis sem ber, fyrir hönd viðkomandi sölu- eða þjónustuaðila, að færa fram fullgild rök fyrir því að búnaðurinn hafi starfað rétt þá er umrædd viðskipti fóru fram, en er ella ábyrgt fyrir tjóninu. Ábyrgð færsluhirðis takmarkast við beint fjárhagslegt tjón korthafa. Færsluhirðir ábyrgist ekki tjón þegar tæknibilun á að vera korthafa ljós, svo sem þegar skilaboð þess efnis koma fram á tölvuskjá.
- 9.8. Útgefandi bera ekki ábyrgð á því ef móttöku korts er hafnað sem greiðslu hjá söluaðila eða í sjálfsafgreiðslutæki, né því tjóni sem leitt getur þar af. Með sama hætti ber útgefandi ekki ábyrgð á því ef reiðufé fæst ekki tekið út á kortið hvort sem er í hraðbönkum eða annars staðar.
- 9.9. Í samræmi við reglur VISA EUROPE fær korthafi endurgreiðslu eftir að ljóst er að hann á rétt á endurgreiðslu. Endurgreiðslan er greidd inn á það kort sem viðkomandi úttekt var færð á. Útgefandi ber ekki ábyrgð á tjóni eða kostnaði korthafa vegna færslna sem framkvæmdar eru með sannvottun (e. verified by VISA) eða staðfestar með PIN númeri korthafa.
- 9.10. Í þeim tilvikum að fyrir hendi er greiðsluþjónustusamningur milli korthafa og söluaðila um sjálfvirkar greiðslur, eða úttekt hefur verið gerð á kort korthafa eftir að þjónusta var afhent í tilviki

bílaleiga, hótela og skemmtiferðaskipa, hefur korthafi 8 vikur frá færsludegi til að gera skriflega og undirritaða athugasemd með ósk um endurgreiðslu. Hafi korthafi lagt fram athugasemd innan tímafrests og framvísað viðeigandi gögnum máli sínu til stuðnings, fær hann innan 10 daga rökstudda synjun eða endurgreiðslu og þá með fyrirvara um að reglur VISA EUROPE leiði til þess að hann eigi réttmætt tilkall til endurgreiðslu. Leiði reglur VISA EUROPE til þess að korthafi á ekki réttmætt tilkall til endurgreiðslu verður hún innheimt af kortreikningi korthafa. Vilji korthafi ekki una niðurstöðunni getur hann kært hana til úrskurðanefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

- 9.11. Endurgreiðsla skal framkvæmd eins fljótt og við verður komið eftir að ljóst er að korthafi á rétt á endurgreiðslu og færð inn á þann kortareikning sem út af var tekið.

10. Vanefndir, lækkun heimildar og lokun korta

- 10.1. Kort er eign útgefanda og er honum heimilt að loka og afturkalla öll kort korthafa án þess að tilgreina ástæðu.
- 10.2. Útgefanda er heimilt að lækka heimild korthafa eða loka fyrirvaralaust og án tilkynningar öllum kortum korthafa í eftirfarandi tilvikum:
- i. Ef korthafi eða handhafi korts vanefnir skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum.
 - ii. Ef fjárnám er gert hjá korthafa eða ábyrgðarmanni, fram komi ósk um gjaldþrotaskipti á búi þeirra, leiti þeir nauðasamninga.
 - iii. Ef vanskil verða af hálfu korthafa á greiðslum gjaldfallinna krafna vegna notkunar korts eða útgefandi þarf að afskrifa ógreiddar kröfur á korthafa vegna kortanotkunar.
- 10.3. Sé korti lokað er kortanúmer skráð í lokanaskrá. Vegna áhættustýringar í kortaviðskiptum er heimilt að dreifa skrá um afturkölluð kortanúmer til sölu- og þjónustuaðila.
- 10.4. Korthafa ber að afhenda söluaðila kortið sitt ef fram koma slík skilaboð í sjálfsafgreiðslutækjum söluaðila.
- 10.5. Korthafa er óheimilt að nota kort eftir að því hefur verið lokað. Misnotkun korts getur varðað við lög, sbr. m.a. 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 10.6. Vanefnd korthafa eða handhafa korts á skyldum sínum samkvæmt skilmálum þessum, þ.m.t. á greiðslu gjaldfallinna krafna vegna notkunar korts, geta leitt til þess að korthafi og handhafi korts fái ekki nýtt kort útgefið síðar.
- 10.7. Vilji korthafi loka korti með uppsögn á samningi sínum við útgefanda skal hann tilkynna útgefanda það skriflega og tekur uppsögn gildi frá næstum mánaðamótum eftir uppsögn. Afborganir af afborgunarláni verða áfram skuldfærðar á kortreikning korthafa fram að næstu endurnýjun. Eftir þann tíma mun innheimta kröfunnar verða með öðrum hætti, s.s. með greiðsluseðli. Korthafi ber ábyrgð á úttektum, noti hann kort sjálfur eftir að óskað var eftir lokun.
- 10.8. Fái korthafi nýtt kort í stað korts sem hefur glatast, því verið sagt upp eða lokað, er útgefanda heimilt að færa á hið nýja kort, eða annað kort í eigu korthafa, það sem eftir stendur af sjálfvirkum greiðslum, s.s. boð-, rað- og léttgreiðslum, og afborgunarlánum sem korthafi hefur samþykkt að færa megi á kortið sitt.

11. Glötuð kort

- 11.1. Glatist kort eða korthafi verður var við óheimilaðar úttektir ber korthafa að tilkynna það tafarlaust til útgefanda, eða næsta umboðsaðila VISA hvar sem er í heiminum. Sé tilkynningin gefin

símleiðis skal staðfesta hana skriflega innan 3ja daga. Strax eftir að tilkynning hefur verið móttækin ber þeim sem móttók tilkynninguna að loka kortinu og koma í veg fyrir frekari notkun þess eða misnotkun. Þeim sem móttækur tilkynningu korthafa ber að geyma slíka tilkynningu í 18 mánuði.

- 11.2. Óski korthafi eftir nýju korti í stað glataðs ber honum að tilkynna útgefanda það með símtali eða tölvupósti.
- 11.3. Hafi glatað kort verið notað af óviðkomandi aðila áður en hvarf þess er tilkynnt ber korthafi sjálfsábyrgð. Fjárhæð sjálfsábyrgðar er að lágmarki að jafnvirði 150 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni. Við ákvörðun fjárhæðar sjálfsábyrgðar er horft til þess hvernig korthafi varðveitti kortið og PIN-númer og málsatvik þegar kortið týndist, glataðist eða var nýtt með óréttmætum hætti. Korthafi er ábyrgur fyrir öllum úttektum sem staðfestar eru með PIN-númeri, hafi hann ekki varðveitt PIN númer eða aðra öryggisþætti í samræmi við skilmála þessa, enda telst varðveisla með öðrum hætti stórfellt gáleysi. Korthafi er jafnframt ábyrgur fyrir allri notkun korts sem er sannvottuð (e. verified) með öðrum viðurkenndum hætti og fyrir allri notkun korts og greiðslu úttekta ef um er að ræða stórfellt gáleysi eða svik af hans hálfu í sambandi við kort sem tilkynnt eru glötuð. Þetta á jafnframt við um snertilaus kort.
- 11.4. Korthafi ber ekki ábyrgð á notkun korts eftir að hann hefur tilkynnt það glatað, nema hann hafi sýnt af sér sviksamlega háttsemi. Auk þess ber korthafi ekki ábyrgð á notkun korts eftir að hann hefur tilkynnt það glatað ef móttakandi tilkynningar hefur ekki lokað kortinu strax í kjölfar tilkynningar, sbr. grein 9.1, nema korthafi hafi sýnt af sér sviksamlega háttsemi.
- 11.5. Finni korthafi kort, sem hefur verið tilkynnt glatað, er honum óheimilt að nota það. Tilkynna ber útgefanda fund kortsins og skal skila því til hans.
- 11.6. Óski korthafi eftir enduropnun korts, sem tilkynnt hefur verið glatað en korthafi hefur fundið aftur, ber hann ábyrgð á allri notkun kortsins meðan það var glatað. Beiðni um enduropnun korts skal berast útgefanda og vera skrifleg

12. Persónuupplýsingar og persónuvernd

- 12.1. Kvika er ábyrgðaraðili við vinnslu gagna, eins og skilgreint er í lögum um persónuvernd og reglugerð Evrópusambandsins GDPR og er vinnsla persónuupplýsinga sanngjörn og gagnsæ.
- 12.2. Kvikun er nauðsynlegt og ber lagaskylda til að vinna persónuupplýsingar til að gegna hlutverki sínu sem fjármálafyrirtæki og greiðslumiðlun og til að tryggja öryggi í fjármála- og greiðsluþjónustu.
- 12.3. Til að stofna aðgang hjá Kvikun verður notandi að gefa upp kennitölu, nafn, símanúmer, bankaupplýsingar og kortanúmer. Enn fremur verður notandi að gefa upp tölvupóstfang sitt við umsókn um lán og/eða kort hjá Kvikun.
- 12.4. Notandi getur haft samband við Kvikun hvenær sem er til að (i) óska eftir aðgangi að þeim upplýsingum sem Kvika á um notanda, (ii) leiðrétta upplýsingar sem Kvika á um notanda, (iii) eyða upplýsingum sem Kvika á um notanda eða (iv) nýta sér önnur þau réttindi sem kveðið er á um í gildandi persónuverndarlögum.
- 12.5. Bankaupplýsingar notanda eru geymdar hjá Kvikun, svo hægt sé að leggja inn á reikning notanda. Kvika getur ekki nýtt þessar upplýsingar til að millifæra beint af bankareikningi notanda. Kvika fylgir íslenskum lögum um meðferð persónuupplýsinga og ítrasta öryggis er gætt í meðferð þeirra.

- 12.6. Persónuupplýsingar verða til í kortakerfum Kviku. Með samþykki skilmála þessara veitir korthafi notandi Kviku heimild til að vinna persónuupplýsingar sem verða til við notkun kortsins í greiðslumiðlunarkerfum. Upplýsingar sem hér um ræðir eru m.a. kennitala, heimilisfang og aðrar þær upplýsingar sem aðilar hafa veitt útgefanda með útfyllingu eyðublaða og forma útgefanda.
- 12.7. Allar upplýsingar um kortareikninga og notkun korta eru vistaðar í tölvukerfi Kviku. Ópersónugreindar upplýsingar um færslur á korti korthafa eru sendar alþjóðlegum kortasamsteypum, þ.e. upplýsingar um kortanúmer, hvenær færsla er gerð, fjárhæð færslu og hver er starfsemi seljanda.
- 12.8. Við vinnslu persónuupplýsinga er aðgangur takmarkaður við þá starfsmenn Kviku sem þurfa aðgang starfs síns vegna. Auk þess er Kviku heimilt að miðla persónuupplýsingum sín á milli og til vinnsluaðila, þ.e. aðila sem gert hafa þjónustusamninga við Kviku. Þá kann upplýsingum að vera miðlað til ábyrgðaraðila að skuld korthafa eða annarra aðila sem korthafi heimilar.
- 12.9. Á grundvelli lögmætra hagsmuna og í tengslum við lögbundna áhættustýringu miðlar Kvika persónuupplýsingum um notanda til annarra vörumerkja innan Kviku t.d. upplýsingum um vanskil notanda.
- 12.10. Kvika tryggir vernd persónuupplýsinga með því að leitast við að uppfylla á hverjum tíma lög og reglugerðir sem lúta að persónuvernd, m.a. með mótun öryggisstefnu og setningu þeirra öryggis- og verklagsreglna sem krafist er.
- 12.11. Persónuupplýsingar notanda eru varðveittar á meðan notandi er í viðskiptum við Kviku eða er með kort í gildi, eins lengi og viðskiptahagsmunir Kviku krefjast eða lög mæla fyrir um.
- 12.12. Notandi heimilar Kviku að vinna persónuupplýsingar sem veittar eru við umsókn til að greina og meta láns hæfi, skilvísi og greiðslugetu. Notandi heimilar Kviku jafnframt að vinna persónuupplýsingar til þess að búa til persónusnið sem verður til þegar persónuupplýsingum er steipt saman til að finna hóp fólks sem fellur inn í sameiginlegt mynstur að því er varðar háttarni og þarfir. Persónusnið eru ópersónugreinanleg. Með orðinu „ópersónugreinanleg“ er átt við að ekki er hægt að rekja markaðsupplýsingarnar til tiltekins notanda. Notandi veitir Kviku heimild til að vinna persónuupplýsingar í persónusnið í þeim tilgangi að geta haft samband við og boðið notanda vörur og þjónustu samstarfsaðila Kviku sem tekur mið af framangreindri vinnslu persónuupplýsinga.
- 12.13. Notandi gerir sér grein fyrir því að tilboðum kann að vera eingöngu beint til tiltekinnna hópa af notendum, sem valdir eru á ópersónugreinanlegan hátt eftir tilteknum breytum, t.a.m. lýðfræðilegum, búsetu, neysluhegðun, kyni eða öðrum flokkum. Slík tilboð taka þá eingöngu til viðkomandi hópa en ekki annarra.
- 12.14. Kvika áskilur sér rétt til þess að deila persónuupplýsingum um notanda með félögum innan samstæðu Kviku banka hf. í þeim tilgangi að bæta þjónustu við korthafa og bjóða þeim vörur og/eða þjónustu annarra félaga innan samstæðu Kviku banka hf. s.s. þjónustu tryggingarfélaga, að fengnu samþykki notanda.
- 12.15. Notandi veitir Kviku heimild til að senda notanda skilaboð er varða notkun kortsins eða tilkynningar um breytingar á hlunnindum/fríðindum eða tilkynna um breytingar á skilmálum að öðru leyti. Rafrænu skilaboðin og innihald þeirra byggja á vinnslu persónuupplýsinga um notanda sem fram fer á grundvelli lögmætra hagsmuna Kviku. Notandi veitir Kviku heimild til þess að senda SMS, MMS, tölvupóst eða önnur rafræn skilaboð um tilboð, afslátt eða sérkjör frá

samstarfsaðilum Kviku. Notandi getur hvenær sem er óskað eftir að fá ekki send slík rafræn skilaboð.

- 12.16. Þeir þjónustuaðilar sem Kvika er í samstarfi við um snertilausar greiðslur kunna einnig að vinna persónuupplýsingar notanda sem virkjað hefur þjónustuna í snjalltæki sínu. Um upplýsingaöryggi og persónuvernd þjónustuaðila vísast til upplýsinga frá þeim aðilum.
- 12.17. Kvika móttækur persónuupplýsingar frá þriðja aðila í þeim tilgangi að staðfesta auðkenni viðskiptavinar í tengslum við þjónustu um snertilausar greiðslur og koma í veg fyrir svik. Kvika miðlar ópersónugreinarlegum upplýsingum í tengslum við færslur sem framkvæmdar eru með þjónustunni til þriðja aðila í þeim tilgangi að bæta og þróa tæknina.
- 12.18. Komi til breytinga á eignarhaldi Kviku hefur það ekki áhrif á réttindi og skyldur notanda og þjónusta Kviku mun haldast óbreytt óháð slíkum breytingum nema notanda verði tilkynnt um annað með hæfilegum fyrirvara.
- 12.19. Allar persónuupplýsingar sem Kvika móttækur og meðhöndlar eru unnar í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og persónuverndarstefnu Kviku sem er að finna á heimasíðu útgefanda, kvika.is.
- 12.20. Ef notandi hefur einhverjar frekari spurningar um það hvaða upplýsingar Kvika safnar og geymir er hægt að hafa samband með því að senda tölvupóst á thjonusta@kvika.is.

13. Gjaldtaka

- 13.1. Við fyrstu útgáfu korts greiðir korthafi sérstakt árgjald samkvæmt gildandi gjaldskrá útgefanda. Korthafi heimilar útgefanda að skuldfæra kortareikning sinn fyrir árgjaldi eins og það er ákveðið hverju sinni, árlega eftir að kort er gefið út í fyrsta sinn. Fyrir aðra þjónustu greiðir reikningshafi og/eða korthafi eftir notkun samkvæmt gjaldskrá Kviku banka.
- 13.2. Fyrir útgáfu nýs korts í stað glataðs greiðist endurútgáfugjald. Fyrir afgreiðslu neyðarfjár eða útvegum neyðarkorts greiðist afgreiðslugjald.
- 13.3. Af peningaúttektum reiknast úttektargjald og þóknun.
- 13.4. Útgefanda er heimilt að færa korthafa til gjalda mánaðarlegt útskriftargjald og færslugjöld vegna notkunar kortsins.
- 13.5. Ef uppsögn kortaviðskipta er tilkynnt skemur en 30 dögum áður en árgjald kortsins fellur í gjalddaga skal korthafi greiða gjald vegna útgáfu nýs korts. Þegar gjöld samkvæmt samningi þessum eru greidd fyrir fram skulu þau endurgreidd notanda hlutfallslega, með tilliti til gildistíma uppsagnar.
- 13.6. Komi til vanskila skv. 8. kafla í skilmálum þessum eða vegna eftirstöðva sjálfvirkra greiðslna eða afborgunarlána, greiðir korthafi innheimtukostnað skv. verðskrá útgefanda.
- 13.7. Öll gjöld vegna korta reiknast samkvæmt auglýstri verðskrá útgefanda sem nálgast má á heimasíðu hans; www.kvika.is eða í höfuðstöðvum Kviku að Katrínartúni 25, 105 Reykjavík. Telst sú birting fullnægja kröfum 8. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán.

14. Breytingar á skilmálum og aðrar tilkynningar

- 14.1. Útgefandi hefur heimild til að breyta ákvæðum skilmála þessara einhliða. Ef breytingar eru ekki til hagsbóta fyrir korthafa skal honum tilkynnt um þær á tryggan hátt, s.s. með skilaboðum í netbanka eða póstsendingu á tilkynnt aðsetur eða lögheimili korthafa hafi hann ekki aðgengi að netbanka. Breytingar á skilmálum skulu kynntar korthafa eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir

gildistöku þeirra. Korthafi skal hafa aðgang að gildandi skilmálum á pappír eða á rafrænu formi. Aðrar breytingar er útgefanda heimilt að birta með tilkynningu á heimasíðu sinni: www.kvika.is. Í tilkynningu um breytta skilmála skal vakin athygli á því í hverju breytingarnar eru fólgnar og rétti korthafa til að segja samningi upp, sér að kostnaðarlausu. Litið er svo á að korthafi hafi samþykkt breytinguna ef hann notar kortið eftir að nýir skilmálar hafa tekið gildi.

- 14.2. Ef korthafi sættir sig ekki við breytingu á skilmálum getur hann sagt upp samningi sínum við útgefanda í samræmi við ákvæði skilmála þessara.
- 14.3. Útgefandi sendir reikningshöfum og/eða korthöfum tilkynningar vegna annarra atriða s.s. vegna breyttra tryggingaskilmála.
- 14.4. Korthafa er skylt að tilkynna aðsetursskipti til útgefanda til að tryggja að reikningsyfirlit og aðrar upplýsingar geti borist honum með eðlilegum hætti.
- 14.5. Vegna notkunar korts erlendis hefur útgefandi heimild til að staðfesta upplýsingar um kort og korthafa til sölu- og þjónustuaðila.

15. Sérákvæði um stakar kortategundir

Kardio fyrirtækjakort

- 15.1. Kvika er útgefandi Kardio fyrirtækjakortanna („Kardio kort“) og annast kortavinnslu og færslumiðlun vegna þeirra. Memento ehf., kt. 700114-0580, („Memento“) annast markaðssetningu og notandaviðmót Kardio kortanna.
- 15.2. Um Kardio kort gilda eftirfarandi sérákvæði auk skilmála þessara í heild sem og almenni viðskiptaskilmálar Kviku og eftir atvikum aðrir skilmálar sem vísað er til í skilmála þessum í heild. Sé misræmi á milli sérákvæðanna og almennu kortaskilmálanna ganga sérákvæði þessi frammar. Um Kardio kort gilda jafnframt viðeigandi skilmálar Memento. Reikningshafar og korthafar skuldbinda sig til að hlíta í einu og öllu fyrrnefndum skilmálum.
- 15.3. Kardio kort eru gefin út í nafni ákveðins lögaðila, fyrirtækis sem hefur stofnað til viðskipta við útgefanda, sem telst reikningshafi og veitir það tilteknum handhafa kreditkorts heimild til kortanotkunar fyrir sinn reikning.
- 15.4. Reikningshafi er umsækjandi um Kardio kort. Umsókn um kort skal beint til Memento með rafrænum hætti í gegnum vefsíðu eða kortaapp Memento. Við umsókn ber umsækjanda jafnframt að stofna til viðskipta við útgefanda og fara í gegnum viðeigandi umsóknarferli útgefanda, eins og það er á hverjum tíma, m.a. svara áreiðanleikakönnun. Útgefandi áskilur sér rétt til að leita allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru að hans mati til að afgreiða umsókn og er heimilt að hafna umsókn án þess að tilgreina ástæður, sbr. nánar grein 3.2. Reikningshafi heimilar útgefanda að veita Memento færsluupplýsinga reikningshafa.
- 15.5. Handhafi kreditkorts er forsvarsmaður reikningshafa eða sá sem reikningshafi heimilar að fái aukakort sem tengist aðalkorti reikningshafa. Forsvarsmaður reikningshafa hefur heimild til að gefa út aukakort til annarra starfsmanna innan fyrirtækis reikningshafa. Útgefandi úthlutar til reikningshafa einni heildarkreditheimild. Það er svo á færi forsvarsmanns reikningshafa að dreifa heimildum til annarra handhafa kreditkorta.
- 15.6. Reikningshafi er ábyrgur fyrir notkun Kardio korts og öllum greiðslum/úttektum sem framkvæmdar eru með kortið. Reikningshafi ber jafnframt endanlega ábyrgð á öllu því öðru sem kemur fram í skilmálum þessum í heild að korthafi beri ábyrgð á. Hins vegar ber handhafi

kreditkorts persónulega ábyrgð á öllum úttektum á korti sem gefið er út í hans nafni, óskipt með reikningshafa í eftirfarandi tilvikum:

- i. Geti útgefandi sannað að handhafi kreditkorts hafi á þeim tíma sem úttektin var gerð, vitað eða mátt vita að reikningshafi gæti ekki staðið við fjárskuldbindingar sem fólust í úttekt.
- ii. Þegar handhafi kreditkorts er eigandi, forsvarsmáður eða stjórnarmaður reikningshafa.
- iii. Þegar kort er notað til úttekta á reiðufé eða kaupa á ferðatékkum
- iv. Þegar kort er notað í persónulega þágu handhafa kreditkorts, þ.e.a.s. þegar vara eða þjónusta sem greitt er fyrir með kortinu er ekki í þágu hagsmuna reikningshafa.

15.7. Kardio kort geta haft kortatímabil og þ.m.t. eindaga sem er frábrugðið almennu kortatímabili.

15.8. Verði fyrirtækjakorti lokað, almennir viðskiptaskilmálar útgefanda eða Memento vanefndir, fjárnám gert hjá reikningshafa, handhafa kreditkorts eða ábyrgðarmanni, komi til gjaldþrotaskipta á búi þeirra eða leiti þeir nauðasamninga, er útgefanda heimilt að afturkalla og loka öllum kortum sem reikningshafi hefur fengið út gefin. Verði korti lokað er öll kortanotkun frá þeim tíma á ábyrgð handhafa kreditkorts.

15.9. Segi reikningshafi upp samningnum við útgefanda skal afhenda öll þau kort sem gefin hafa verið út, hvort sem er eitt eða fleiri, til reikningshafa og korthafa. Í því fellst að Kvik og Memento er heimilt að fella rafrænt útgefín kort úr gildi Á meðan fyrrnefndum kortum hefur ekki verið skilað er öll kortanotkun frá uppsagnardegi á ábyrgð reikningshafa.

16. Snertilausar greiðslur

16.1. Ákvæði þessa skilmála eiga við um snertilaus kort, þ.e. þegar slík kort eru notuð til að borga fyrir vöru og þjónustu með því að bera kortið upp að kortalesara (posa) án snertingar og PIN númers. Þjónustan er aðgengileg í gegnum smáforritin Google Wallet eða Apple Wallet („Wallet“).

16.2. Til þess að virkja þjónustuna skráir korthafi kort sitt í þjónustuna í gegnum Wallet.

16.3. Við framkvæmd snertilausrar greiðslu leggur korthafi snjalltækið upp að posa sem samþykkir snertilausar greiðslur. Jafnframt er unnt að framkvæma greiðslu með þjónustunni á netinu og í smáforritum þar sem greiðsla er staðfest í viðeigandi snjalltæki/tölvu með persónubundnum öryggisþáttum.

16.4. Færslur í erlendri mynt birtast í Wallet á viðmiðunargengi þar til færsla hefur borist útgefanda. Fjárhæð slíkrar færslu kann því að taka breytingum til hækkunar eða lækkunar þegar hún hefur verið bókuð af útgefanda.

16.5. Áður en þjónustan er virkjuð, oftast í gegnum smáforrit þjónustuaðila, skuldbindur korthafi sig til að tryggja öryggi snjalltækis síns og þjónustunnar í samræmi við öryggiskröfur Kvik á hverjum tíma. Þar með talið að:

- a. virkja persónubundna öryggisþætti við auðkenningu í snjalltækið áður en þjónustan er sótt af stýrikerfi þjónustuaðila. Persónubundnir öryggisþættir geta til dæmis falið í sér auðkenningu korthafa með fingrafari, andlitsmynd og/eða PIN númeri sem korthafi ákveður og skal breyta reglulega,
- b. grípa til viðeigandi öryggisráðstafana ef persónubundnum öryggisþáttum er ógnað eða grunur leikur á því að óviðkomandi hafi haft aðgang til dæmis að PIN númeri korthafa,

- c. nota þjónustuna aðeins á snjalltæki sem er í eigu og undir umráðum korthafa og eyða tengdum greiðslukortum út af greiðslulausn/smáforriti þjónustuaðila, ef snjalltæki er lánað, selt eða ef korthafi hættir að nota það,
 - d. sækja smáforrit viðkomandi greiðslulausnar aðeins af viðurkenndu stýrikerfi þjónustuaðila og að setja smáforritið ekki upp á snjalltæki þar sem átt hefur verið við stýrikerfið, og
 - e. hætta notkun þjónustunnar og eyða upplýsingum (þ.á.m. greiðslukortum) tengdum henni út af snjalltæki hafi öryggi þess verið ógnað með einhverjum hætti, svo sem með uppsetningu óörugggra smáforrita eða gruns um óviðkomandi aðgang að snjalltækinu með einverju móti.
- 16.6. Séu framangreindar öryggiskröfur í grein 16.5 ekki virtar eða korthafi hefur ástæðu til að ætla að öryggi snjalltækisins sé ógnað með einhverjum hætti er notkun þjónustunnar á snjalltækinu ekki örugg og því með öllu óheimil.
- 16.7. Áður en þjónustan er virkjuð þarf korthafi að auðkenna sig í gegnum persónubundna öryggisþætti snjalltækis síns, í samræmi við öryggiskröfur útgefanda.
- 16.8. Korthafi sækir smáforrit þess þjónustuaðila sem um ræðir í gegnum viðurkennt stýrikerfi þjónustuaðilans og virkjar þjónustuna samkvæmt þeim leiðbeiningum sem gefnar eru upp í smáforritinu. Í því ferli samþykkir korthafi jafnframt skilmála þessa um snertilausar greiðslur í snjalltæki.
- 16.9. Þegar þjónustan hefur verið virkjuð og kort korthafa hefur verið tengt við þjónustuna getur korthafi greitt fyrir vörur og þjónustu með snjalltæki sínu á greiðslutækjum (svo sem posum) sem taka við og samþykkja snertilausar greiðslur með snjalltæki.
- 16.10. Sem hluti af þjónustunni sendir þjónustuaðili og/eða útgefandi korthafa tilkynningar sem varða þjónustuna með rafrænum hætti. Útgefandi ber ekki ábyrgð á því ef tilkynningar berast ekki til korthafa eða ef þær berast of seint af einhverjum ástæðum.
- 16.11. Þegar korthafi tengir kort sitt við snertilausa greiðslulausn þjónustuaðila verður til handahófskennd talnaruna („sýndarnúmer“). Sýndarnúmer kemur í stað raunverulegs kortnúmers korthafa þegar greitt er með snertilausum greiðslum.
- 16.12. Sýndarnúmer byggja á öryggiskerfi sem hefur þann megin tilgang að vernda greiðslukortaupplýsingar korthafa. Kortnúmer sem tengt er við þjónustuna er skipt út fyrir sýndarnúmer.
- 16.13. Sýndarnúmerið er svo notað við framkvæmd snertilausra greiðslna og verndar það undirliggjandi kortnúmer korthafa.
- 16.14. Um greiðslufyrirmæli með sýndarnúmeri greiðslukorts gilda sömu reglur og skilmálar og um kortafærslur útgefanda.
- 16.15. Sýndarnúmer hefur ekkert gildi eitt og sér fyrir aðila sem kunna að komast yfir það með ólögmaetum hætti og tryggir það öryggi snertilausra greiðslna.
- 16.16. Öll réttindi og hagsmunir sem tengjast þjónustunni og þeim hugbúnaði sem hún byggir á, hverju nafni sem þau nefnast, þar á meðal en ekki takmarkað við, höfundarétt, einkaleyfarétt, vörumerkjarétt, atvinnuleyndarmál og viðskiptaþekkingu (e. know how) eru eign útgefanda og/eða þess þjónustuaðila sem útgefandi er í samstarfi við um þjónustuna.

- 16.17. Korthafi öðlast engin réttindi eða hagsmuni yfir þjónustunni og/eða þeim hugbúnaði sem þjónustan byggir á með því að virkja hana og nota.
- 16.18. Notkun korthafa á þjónustunni skal vera eðlileg og lögmæt, í samhengi við þjónustuna, skilmálana, reglur og upplýsingar, sem um ræðir á hverjum tíma. Korthafa er óheimilt að aðhafast nokkuð það sem getur farið gegn eða haft neikvæð áhrif á réttindi útgefanda og/eða þjónustuaðilans yfir þjónustunni.
- 16.19. Snertilausar greiðslur með snjalltæki jafngilda greiðslum og/eða færslum með greiðslukorti og gilda skilmálar þessir jafnframt um þær.
- 16.20. Korthafi ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á og er bundinn af öllum greiðslum og/eða færslum sem eru framkvæmdar snertilaust.
- 16.21. Notkun þjónustunnar er með öllu óheimil á snjalltæki sem grunur leikur á um að öryggi hafi verið ógnað með einhverjum hætti. Útgefandi áskilur sér allan rétt til að uppfæra og/eða breyta öryggiskröfum sínum fyrir þjónustuna án fyrirvara.
- 16.22. Korthafa er óheimilt að deila eða veita öðrum upplýsingar um persónubundna öryggisþætti sína. Útgefandi ber að grípa til allra nauðsynlegra varúðar- og öryggisráðstafana til að tryggja persónubundna öryggisþætti sína þannig að óviðkomandi aðili fái ekki aðgang að eða vitneskju um leyninúmer eða aðrar aðgangsupplýsingar, hvort sem þær varða t.d. varðveislu snjalltækis, aðgang inn í snjalltæki eða Wallet. Ef korthafi lánar, selur, skiptir um eða heimilar öðrum umráð yfir snjalltæki sem hefur verið tengt við þjónustuna eða ákveður af einhverjum öðrum ástæðum að hætta notkun þess, ber honum áður en það er gert að eyða öllum persónulegum og fjárhagslegum upplýsingum úr snjalltækinu, þar á meðal fjarlægja öll kort úr Wallet. Sinni korthafi ekki framangreindu hvað varðar persónubundna öryggisþætti telst það stórfellt gáleysi af hans hálfu.
- 16.23. Veiti korthafi þriðja aðila upplýsingar um persónubundna öryggisþætti sína, s.s. leyninúmer eða aðrar aðgangsupplýsingar eða veitir þriðja aðila aðgang inn í snjalltæki sitt, kortaapp eða Wallet telst það stórfellt gáleysi af hans hálfu. Það telst einnig til stórfellds gáleysis korthafa ef hann stuðlar að eða gerir þriðja aðila að öðru leyti kleift að nota þjónustuna í nafni korthafa, s.s. með veitingu upplýsinga um persónubundna öryggisþætti sína eða veitingu aðgangs að þjónustunni með öðrum hætti. Öll notkun þriðja aðila á þjónustunni sem leiðir af ofangreindri háttsemi er á ábyrgð korthafa hvort sem korthafi er grandsamur eða grandlaus um notkunina.
- 16.24. Útgefandi ber enga ábyrgð á tjóni, hvorki beinu né óbeinu, sem kann að leiða af notkun þjónustunnar og/eða aðgerðum, aðgerðarleysi eða göllum á þjónustunni sem rekja má til greiðslulausna þeirra þjónustuaðila sem útgefandi er í samstarfi við.
- 16.25. Útgefandi ber enn fremur enga ábyrgð á tjóni korthafa, hvorki beinu né óbeinu, sem kann að orsakast af tengingu eða skorti á tengingu við internetið, þeim hugbúnaði sem er nauðsynlegur til tengingar við smáforrit þjónustuaðila og stýrikerfi snjalltækis korthafa, af viðurkenndu stýrikerfi þjónustuaðila, eða af öðrum þeim orsökum sem kunna að valda því að korthafi getur ekki notað þjónustuna eða ef notkun þjónustunnar er með öðrum hætti en til var ætlast, s.s. vegna tæknibilana eða truflana í rekstri, eða álags á tölvu- og/eða viðskiptakerfi.
- 16.26. Þá ber útgefandi ekki ábyrgð á tjóni, hvorki beinu né óbeinu, sem má rekja til þess hvernig korthafi notar þjónustuna, né heldur tjóni sem kann að hljóta af vanþekkingu, misskilningi eða

misnotkun korthafa eða annars aðila, með eða án umboðs korthafa, á þjónustunni eða á snjalltæki korthafa.

- 16.27. Verði korthafi var við óheimila notkun þjónustunnar, misnotkun, eða ef snjalltæki handhafa kreditkorts er stolið eða það glatast, ber honum að tilkynna það tafarlaust til þjónustuvers Kviku á thjonusta@kvika.is. Nánari upplýsingar um neyðarþjónustu er að finna á www.kvika.is.
- 16.28. Útgefanda er heimilt einhliða og án fyrirvara eða tilkynningar til korthafa að loka fyrir aðgang korthafa að þjónustunni tímabundið eða ótímabundið, ef grunur leikur á að brotið hafi verið gegn skilmálunum eða að um óheimila eða sviksamlega notkun á þjónustunni er að ræða.
- 16.29. Útgefandi áskilur sér einnig rétt einhliða og án fyrirvara eða tilkynningar til korthafa, að rjúfa aðgang að þjónustunni um stund ef þörf krefur, svo sem vegna uppfærslna, öryggisráðstafana, breytinga á þjónustunni eða á samstarfi við þjónustuaðila, kerfisbreytinga eða annarra tæknilegra ástæðna.
- 16.30. Útgefandi ber ekki ábyrgð á tjóni, hvorki beinu né óbeinu, sem rekja má til utanaðkomandi atvika, t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.þ.h. Enn fremur, ber útgefandi ekki ábyrgð á tjóni ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða vegna atriða sem talist geta fallið undir óviðráðanleg tilvik (e. force majeure). Þá ber útgefandi ekki ábyrgð á tjóni sem stafar af atburðum sem eru stjórnmálalegs, félagslegs, fjármálalegs eða efnahagslegs eðlis og eru líkleg til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti veitingu þjónustunnar, jafnvel þó slík atvik flokkist ekki undir óviðráðanleg tilvik (e. force majeure).

17. Lán

- 17.1. Taki korthafi lán hjá Kviku, hvort sem er með beinni lántöku eða dreifingu á ógreiddum reikningum eða færslum („lán“), skuldbindur korthafinn sig, sem lántaki, til þess að endurgreiða lánið í samræmi við ákvæði skilmála þessara.
- 17.2. Kvika, sem lánveitandi, skuldbindur sig til að greiða út lánið við samþykki Kviku á lánsbeiðni, að því gefnu að korthafi hafi undirgengist skilmála þessa með rafrænni undirritun, enda hafi korthafi, sem lántaki, veitt lánveitanda allar nauðsynlegar upplýsingar og staðist lánhæfismat lánveitanda.
- 17.3. Með útgreiðslu lánsins staðfestir Kvika sem lánveitandi fyrir sitt leyti að skilmálar þessir gildi um lántöku korthafa.
- 17.4. Veitt lán Kviku bera fasta óverðtryggða vexti per annum.
- 17.5. Vextir reiknast frá útborgunardegi lánsins. Vextir reiknast daglega og er notast við reikniregluna 30 dagar í mánuði og 360 dagar í ári (30/360) Aðeins eru greiddir vextir fyrir það tímabil sem lántaki stendur í skuld við lánveitanda.
- 17.6. Vanefni korthafi sem lántaki skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum ber að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags.
- 17.7. Ógreiddir dráttarvextir reiknast daglega frá fyrsta degi vanskila og leggjast við höfuðstól lánsins á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir fyrsta dag vanskila.
- 17.8. Korthafi sem lántaki greiðir lántökugjald sem bætist við höfuðstól lánsins.

- 17.9. Korthafi sem lántaki skuldbindur sig til þess að greiða allan þann kostnað, sem leiða kann af innheimtuaðgerðum vegna vanefnda hans, lánveitanda að skaðlausu.
- 17.10. Lántaki skal greiða öll opinber gjöld eða skatta sem lögð kunna að vera á samkomulag um lántökuna, skjalagerð henni tengdri eða greiðslur samkvæmt gildandi skilmálum, lánveitanda að skaðlausu.
- 17.11. Það telst vanefnd lántakenda á samningi þessum ef korthafi vanefnir skyldur sínar samkvæmt skilmálum Kvikú.
- 17.12. Ef vanefndatilvik kemur upp getur lánveitandi fyrirvaralaust og án viðvarana gjaldfellt allar eftirstöðvar lánsins ásamt öðrum greiðslum sem lántaka er skylt að greiða samkvæmt samningi þessum. Ber lántaka þá að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð.
- 17.13. Komi til vanefnda af hálfu lántaka á skyldum hans samkvæmt samningnum, skuldbindur hann sig til þess að greiða allan kostnað sem lánveitandi verður fyrir vegna vanefndanna, þar með talinn lögfræðikostnað vegna innheimtu á greiðslum höfuðstóls, vaxta og kostnaðar.
- 17.14. Lántaki er upplýstur um það með vísan til m. liðar 7. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán að vanefni lántaki einhverja skuldbindingu sína gagnvart samstæðu Kvikú banka hf. er lánveitanda heimilt en ekki skylt að gjaldfella eftirstöðvar lánsins ásamt öðrum greiðslum sem lántaka er skylt að greiða samkvæmt samningi þessum.
- 17.15. Komi til vanefnda á lánsamningi þessum er lánveitanda heimilt að tilkynna Creditinfo Lánstrausti hf. um vanskilin.
- 17.16. Lántaka er ljóst og samþykkir að skrifleg birting á innheimtuviðvörðun og milliinnheimtubrífum fari fram rafrænt í gegnum app.
- 17.17. Lántaka er ljóst og samþykkir að greiða allan frum- og milliinnheimtukostnað í gegnum app. Fjárhæðir innheimtukostnaðar eru í samræmi við reglugerð nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.
- 17.18. Með rafrænni undirritun sinni ábyrgist lántaki að allar upplýsingar sem hann hefur veitt lánveitanda í tengslum við lántöku séu réttar. Lántaka er ljóst að lántaki er ábyrgur vegna tjóns sem kann að verða vegna rangra upplýsinga.
- 17.19. Lántaka er heimilt að falla frá samningi um lán innan 14 daga frá því að lán er veitt og frágengið í appi eða á vefsvæði lánveitanda. Tilkynningu um að lántaki falli frá samningi skal senda á kvika@kvika.is, eða með öðrum sannanlegum hætti.
- 17.20. Falli lántaki frá lántöku innan framangreindra tímamarka skal hann greiða lánveitanda höfuðstól láns, áfallna vexti og verðbætur, sé um slíkt að ræða, frá því að lánsfjárhæðin var greidd lántaka og til þess dags þegar endurgreiðsla á sér stað, án óþarfa tafa og eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir að hann sendi tilkynningu um að hann hyggist falla frá lántöku. Reikna skal vexti á grundvelli þeirra útlánsvaxta sem samningur kveður á um.
- 17.21. Greiðsluáætlun telst vera hluti lánsamnings ásamt skilmálum þessum.
- 17.22. Um söfnun og vinnslu lánveitanda á persónuupplýsingum um lántaka vísast til persónuverndarstefnu lánveitanda sem aðgengileg er á vefsíðunni www.kvika.is.

- 17.23. Lánveitanda er heimilt að framselja réttindi og/eða skyldur sínar samkvæmt lánsamningi til þriðja aðila. Komi til slíks framsals kann persónuupplýsingum um lántaka að vera miðlað til slíks þriðja aðila.
- 17.24. Eftirlitsstjórnvald með samningi þessum er Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík.
- 17.25. Skilmálar þessir, sem marka lánsamning á milli aðila, eru undirritaðir með fullgildri rafrænni undirritun í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

18. Lög og varnarþing

- 18.1. Samningur korthafa og útgefanda og skilmálar þessir fara eftir íslenskum lögum, svo og öll mál sem rísa kunna af notkun kortsins, nema um annað sé sérstaklega samið.
- 18.2. Korthafi getur skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 19. gr. a. í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Upplýsingar um úrskurðanefndina er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.
- 18.3. Rísi mál vegna brota á skilmálum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Korthafi samþykkir auk þess að útgefandi megi, kjósi hann slíkt, reka innheimtumál í því landi, sem korthafi hefur búsetu hverju sinni.

19. Gildistími

- 19.1. Skilmálar þessir gilda frá 24.05.2024 og til þess tíma að nýir skilmálar taka gildi skv. 14. kafla skilmála þessa.